

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Selfossveitna, nr. 210/2008, með síðari breytingum.

Samkvæmt orkulögum nr. 58/1967, með síðari breytingum, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Selfossveitna er öðlast gildi við birtingu í Stjórnartíðindum.

Gjaldskrá Selfossveitna, nr. 210/2008, með síðari breytingum, breytist þannig:

1. hluti hljóðar svo:

#### 1. HLUTI

#### Sölutaxtar, stofngjöld og innheimta.

##### I. Sölutaxtar.

Verð er án virðisaukaskatts.

##### I.a Afnot af heitu vatni.

Almennir taxtar	Einingar	Grunngjald
H.1	Heitt vatn um rennslismæli	
	Heimili og íbúðir	kr./m <sup>3</sup> 153,7
	Fastagjald	kr./ár 20.185
H.2	Heitt vatn um rennslismæli	
	Stórnotendur >1	kr./m <sup>3</sup> 153,7
	Fastagjald	kr./ár 28.730
<b>Sértaxtar</b>		
H.5	Heitt vatn um hemil	
	Heitt vatn um hemil	kr./mín/ár 42.669
	Fastagjald	kr./ár 28.730
H.6	Heitt vatn um rennslismæli	
	Almenningssundlaugar	
	Sumar 1. maí - 30. september	kr./m <sup>3</sup> 77,5
	Vetur 1. október - 30. apríl	kr./m <sup>3</sup> 93,4
	Fastagjald	kr./ár 50.594

##### II. Stofngjöld hitaveitu.

Almennt verð heimlagna gildir í þéttbýli á nýbyggingarsvæðum. Verðið gildir ekki þar sem búið er að ganga varanlega frá yfirborði og fullnægjandi veitulagnir ekki komnar að lóðarmörkum. Geri húseigandi breytingu á skipulagi húss frá útgefnu skipulagi sveitarfélags t.d. með því að færa til bílskúr eða annan inntaksstað ber hann til viðbótar allan kostnað við færslu eða breytingu lagna. Húseigandi sem óskar eftir breytingu eða færslu á inntaksbúnaði eða inntaksstað ber af því allan kostnað. Sama gildir um tímabundna aftengingu.

##### II.a. Þéttbýlisstaðir, Eyrarbakki, Selfoss og Stokkseyri.

Neðangreint verð gildir þar sem heildarlengd heimæðar er innan við 30 m, 2% yfirlengdargjald er tekið fyrir hvern metra. Stærð heimæðar fyrir almenna upphitun tekur mið af rúmmáli húsnæðis en stærð heimæðar fyrir aðra notkun ákvarðast af tilgreindri vatnsþörf í umsókn. Virðisaukaskattur reiknast 11% á heimæðagjöld fyrir heimæðar til húshitunar en 24% á heimæðagjöld til annarra nota.

	<b>Grunngjald kr.</b>
Heimæð, DN 20 stál eða PEX-25	382.355
Heimæð, DN 25 stál eða PEX-32	561.803
Heimæð, DN 32 stál eða PEX-40	641.276
Heimæð, DN 40 stál eða PEX-50	767.774
Heimæð, DN 50 stál	1.272.147
Heimæð, DN 65 stál	2.098.328

Ein tengigrind er innifalin í hverju heimæðagjaldi. Fyrir hverja aukatengigrind greiðist 10% af heimæðagjaldi viðkomandi málstærðar. Kostnaðarverð stærri heimæða en 65 mm er reiknað sérstaklega fyrir hvert tilvik og m.a. tekið mið af flutningsgetu heimæðar, stofnæða og aðveitu.

Frostálag á grunnjald: 20%

*II. b. Holtabyggð, Tjarnabyggð, byggð við Votmúlaveg og bæir austan við Stokkseyri.*

Neðangreint verð gildir þar sem heildarlengd heimæðar er innan við 70 m, 2% yfirlengdargjald er tekið fyrir hvern metra. Stærð heimæðar fyrir almenna upphitun tekur mið af rúmmáli húsnæðis en stærð heimæðar fyrir aðra notkun ákvarðast af tilgreindri vatnspörf í umsókn. Virðisaukaskattur reiknast 11% á heimæðagjöld fyrir heimæðar til húshitunar en 24% á heimæðagjöld til annarra nota.

	<b>Grunngjald kr.</b>
Heimæð, DN 20 stál eða PEX-25	887.228
Heimæð, DN 25 stál eða PEX-32	1.775.841

Ein tengigrind er innifalin í hverju heimæðagjaldi. Fyrir hverja aukatengigrind greiðst 10% af heimæðagjaldi viðkomandi málstærðar í þéttbýli. Kostnaðarverð stærri heimæða en 25 mm stál/32 mm PEX er reiknað sérstaklega fyrir hvert tilvik og m.a. tekið mið af flutningsgetu heimæðar, stofnæða og aðveitu.

Frostálag á grunnjald: 20%

*II.c. Bráðabirgðatengingar.*

	<b>Grunngjald kr.</b>
Bráðabirgðatenging DN 20 eða PEX-25	117.943

Verðið gildir fyrir tengingu við heimæðarenda sem kominn er inn fyrir lóðarmörk ásamt einni tengigrind. Við aðrar aðstæður og fyrir stærri tengingu er hún gjaldfærð í samræmi við raunkostnað.

*III. Innheimta og lokanir.*

	<b>Kr.</b>
Innheimtugjald	1.742
Lokunargjald	7.595

*Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 25. janúar 2023.*

F. h. r.

**Sigríður Svana Helgadóttir.**

*Hreinn Hrafnkelsson.*